



Björn Bjarnason
Galdramýri, Flóahrepp
803 SELFOSSI

Netfang: bjorn@bjarghus.is

s.: 892 3490

Selfossi
13.11.2025

Efni: Varðar umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Galdramýri (L223808) í Flóahreppi.

Vegagerðinni barst umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Galdramýri í Flóahreppi, dags 19.10.2022.

Síða 1/2

Við afgreiðslu umsókna um héraðsvegi ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, þar sem fram kemur að:

„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.“

Í umsókninni kemur fram að sótt er um héraðsveg á grundvelli þess að skilyrði laganna um býli, sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna sé uppfyllt og fylgdu eftirfarandi gögn því til stuðnings:

- Vottorð Þjóðskrár um lögheimilisskráningu
- Staðfesting sveitarfélags á fastri búsetu
- Uppdráttur af staðsetningu vegar
- Staðfestur deiliskipulagsuppdrauttur

Með bréfi dags. 1. desember 2022 var umsóknin samþykkt. Einnig kom fram að eftir vettvangsskoðun hafi Vegagerðin áætlað kostnað vegna vegarins alls 3,7 mkr. og að Vegagerðin greiði helming af kostnaði vegna vegarins. Vegagerðin áskildi sér þó rétt til að hafna greiðslu skv. framlögðum reikningum ef fjárhæð þeirra væri umfram kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Var tekið fram að uppgjör skyldi þá fara fram á grundvelli framlagðrar kostnaðaráætlunar Vegagerðarinnar nema sýnt væri fram á að með fullnægjandi hætti að umfram kostnaður hafi verið óhjákvæmilegur.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is

Líkt og fram kom í samþykki umsóknarinnar fer endurgreiðsla helmings kostnaðar í fyrsta lagi fram þegar fengist hefur fjárveiting til verksins innan Vegagerðarinnar. Dráttur á endurgreiðslu kostnaðar frestar þó ekki færslu vegarins inn á vegaskrá. Að verki loknu skyldi verkið tekið út af hálfu Vegagerðarinnar og væri það forsenda fyrir því að vegur verði færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Starfsmaður Vegagerðarinnar fór í lokaúttekt á vettvang dags. 05.11.2025. Vegurinn er uppbyggður með um 50 cm þykku styrktarlagi og ágætu malarslitlagsefni. Kantar og fláar í lagi og telst vegurinn frágenginn. Ákveðið hefur verið að fallast á beiðni um nýjan héraðsveg að Galdramýri, í Flóahreppi í samræmi við ástand vegar.

Niðurstaða: Umsókn um nýjan héraðsveg að Galdramýri, í Flóahreppi hefur verið samþykkt og verður vegurinn færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Síða 2/2

Þegar öll skilyrði endurgreiðslu eru uppfyllt og fjárheimild er fyrir hendi fær umsækjandi upplýsingar sendar á netfangið bjorn@bjarghus.is um verknúmer til að setja á reikning til að senda Vegagerðinni fyrir samþykkttri kostnaðarhlutdeild.

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæránleg til innviðaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Afrit sent á sveitarfélagið: floahreppur@floahreppur.is

Vegagerðin

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Elín Fjóla Þórarinsdóttir
Sérfræðingur tæknideild

Skjalið hefur verið undirritað rafrænt